

Nr. 21
6. okt.

Lög

um

ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

Skilgetið barn verður íslenskur ríkisborgari, ef faðir þess er það, og óskilgetið, ef móðir þess er það.

2. gr.

Nú er maður fæddur á Íslandi, en á þó eigi ríkisfang þar samkvæmt 1. gr., og öðlast hann þá íslenskan ríkisborgararétt, ef hann hefir haft þar samfleytt heimilisfang þar til hann er fullra 19 ára, hvort sem hann er fæddur áður eða eftir að lög þessi ganga í gildi, enda hafi hann eigi síðasta árið lýst því skriflega fyrir lögreglustjóra, að hann hirði eigi að öðlast íslenskan ríkisborgararétt, og þá jafnframt sannað ríkisborgararétt sinn í öðru landi með löggildu vottorði. Slík yfirlýsing dugir þó eigi niðjum hans.

3. gr.

Kona fær ríkisfang manns síns. Sama er um ósjálfráða börn, er þau hafa saman átt áður en þau gengu að eigast.

4. gr.

Veita má mönnum ríkisborgararétt með lögum. Fer þá um konu manns og börn þeirra eftir 3 gr., og um óskilgetin börn konu eftir 1. gr., nema lögin láti öðruvís um mælt.

5. gr.

Nú verður maður ríkisborgari í öðru landi, og missir hann þá íslensks ríkisfangs, og slíkt hið sama kona hans og skilgetin börn ósjálfráða, nema þau hafi heimilisfang á Íslandi og haldi því. Ef kona þess, er tekið hefir ríkisfang annarsstaðar, eða börn, fylgja ekki því ríkisfangi, þá skulu þau ávalt halda ríkisfangi sínu á Íslandi.

Nú vill maður gerast ríkisborgari í öðru landi; getur konungur þá leyst Nr. 21 hann undan því að hafa ríkisfang á Íslandi, enda skal hann hafa tekið ríkisfang 6. okt. erlendis innan ákveðins tíma.

6. gr.

Kona missir íslenskan ríkisborgararjett, ef maður hennar hefir hann eigi. Sama er um börn, sem þau áttu saman áður en þau gengu að eigast og þá voru ósjálfráða.

7. gr.

Nú breytist ríkisfang konu á Íslandi sakir giftingar, og haggar það eigi ríkisfangi þeirra barna, er hún hefir átt við öðrum en bónda sínum.

8. gr.

Nú er ókunnugt um ríkisfang barns, og skal það þá eiga ríkisfang á Íslandi, þar til annað reynist sannara.

9. gr.

Íslenskir ríkisborgarar skulu þeir allir vera, sem áttu lögheimili á Íslandi 1. des. 1918, með þeim undantekningum, sem hjer segir:

1. Þegnar annara ríkja en Íslands og Danmerkur, sem lögheimili áttu á Íslandi 1. des. 1918, halda ríkisfangi sínu.

2. Þeir, er hvergi áttu ríkisfang 1. des. 1918.

3. Danskir ríkisborgarar, sem lögheimili áttu á Íslandi 1. des. 1918 og eigi myndi vera orðnir íslenskir ríkisborgarar samkvæmt ákvæðum þessara laga, þó að þau hefði gilt fyrir 1. des. 1918, skulu halda dönskum ríkisborgararjetti, en hafa þó rjett til að áskilja sjer íslenskt ríkisfang, ef þeir lýsa því skriflega fyrir lögreglustjóra eigi síðar en 31. des. 1921. Yfirlýsingin tekur til konu manns, enda hafi þau eigi slitið samvistir, og skilgetinna ósjálfráða barna hans, og ef ógift kona er, óskilgetinna ósjálfráða barna hennar.

Eigi skal það talið heimilisfang á Íslandi samkvæmt þessari grein, þótt danskur maður hafi dvalist þar 1. des. 1918 sem sjúklingur á sjúkrahúsi, við nám, í fangelsi eða sem þurfamaður, nema sú vist sje áframhald af heimilisfangi á Íslandi.

10. gr.

Nú fær maður íslenskt ríkisfang samkvæmt upphafi 9. gr., og tekur þá kona hans ríkisfang hans, hvar sem hún var heimilisfóst 1. des. 1918, enda hafi þau eigi slitið samvistir. Sama er um skilgetin ósjálfráða börn, ef móðir þeirra verður það.

11. gr.

Þeir, er áttu lögheimili í ríki Danakonungs 1. des. 1918 og vera myndi íslenskir ríkisborgarar samkvæmt ákvæðum laga þessara, ef þau hefði gilt fyrir

Nr. 21 1. des. 1918, skulu verða íslenskir ríkisborgarar, en hafa þó rjett til að áskilja 6. okt. sjer danskt ríkisfang, ef þeir lýsa því skriflega fyrir lögreglustjóra eigi síðar en 31. des. 1921. Yfilýsingin tekur til þeirra, er í 9. gr. 3. tölulið, fyrri málsgrein, síðara málslíð, segir.

Þeir, sem lögheimili áttu utan Íslands og ríkis Danakonungs 1. des. 1918 og vera myndi íslenskir ríkisborgarar samkvæmt ákvæðum þessara laga, ef þau hefði gilt fyrir 1. des. 1918, skulu verða íslenskir ríkisborgarar ásamt konum og börnum, svo sem í 10. gr. segir.

12. gr.

Dómsmálaráðherra sker úr ágreiningi um það, hvort maður fullnægi skilyrðum til að verða íslenskur ríkisborgari samkvæmt 9.—11. gr. Skjóta má þeim úrskurði undir úrlausn dómstólanna.

13. gr.

Lög þessi gilda frá og með 1. des. 1918.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg 6. október 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.